



**18. fundur stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands miðvikudaginn 30. nóvember 2022
kl. 12 í húsakynnum safnsins að Laugavegi 162 í Reykjavík.**

Fundinn sátu Anna Agnarsdóttir formaður, Guðmundur Jónsson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Gunnar Örn Hannesson, Svanhildur Bogadóttir og Ágúst Sigurðsson. Enn fremur sátu fundinn Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður, Þuríður Árnadóttir framkvæmdastjóri rekstrar og Njörður Sigurðsson aðstoðarþjóðskjalavörður sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Yfirlit yfir starfsemi Þjóðskjalasafns 2022
2. Drög að starfsáætlun 2023
3. Fjármál Þjóðskjalasafns
4. Innviðaverkefni
5. Starfið síðustu fjögur ár – lokafundur nefndarinnar

Anna Agnarsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hún bauð Þuríði Árnadóttur velkomna á sinn fyrsta fund. Síðan var gengið til boðaðrar dagskrár.

1. Yfirlit yfir starfsemi Þjóðskjalasafns 2022.

Þjóðskjalavörður fór yfir starfsemi og helstu verkefni Þjóðskjalasafns á árinu 2022. Ársskýrsla ársins 2021 er nýkomin úr umbroti og liggur fyrir fundinum. Hún verður að þessu sinni eingöngu gefin út á vef safnsins. Þjóðskjalavörður fór jafnframt yfir helstu verkefni sem varða stafrænt umbreytingaferli safnsins sem er í fullum gangi. Ný stefna Þjóðskjalasafns 2022–2027 var kynnt á 140 ára afmælishátíð safnsins þann 4. apríl sl. Stefnunni er skipt í fjóra meginþætti, þ.e. sjálfbærni, hagur stjórnsýslunnar, minni samfélagsins og stafræn umbreyting. Gildi safnsins eru Traust – Fagmennska – Framsýni. Árlegar ráðstefnur safnsins fóru fram í maí og september. Þann 30. maí var vorráðstefna Þjóðskjalasafns þar sem fjallað er um skjalavörslu og skjalastjórn í stjórnsýslunni og var yfirskrift hennar að þessu sinni „Hagur stjórnsýslunnar og réttindi borgaranna“. Rannsóknadagur Þjóðskjalasafns, sem tileinkaður er rannsóknum á safnkostinum, fór fram 15. september sl. og var hann tileinkaður lokaútgáfu af skjölum Landsnefndarinnar fyrri. Fjöldi gesta sótti báðar ráðstefnurnar sem þóttu heppnast afar vel. Þá gerði þjóðskjalavörður grein fyrir skilum á skjölum þýska ræðismannsins á Íslandi sem gerð voru upptæk árið 1940 þegar breskur her hernam landið. Skjölunum var skilað með viðhöfn 3. október sl. en forseti Sambandsskjalasafns Þýskalands tók formlega við skjölunum í Safnahúsinu við Hverfisgötu.

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir, Svanhildur Bogadóttir, Guðmundur Jónsson, Gunnar Örn Hannesson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Anna Agnarsdóttir, Njörður Sigurðsson og Ágúst Sigurðsson.

2. Drög að starfsáætlun 2023.

Njörður Sigurðsson, aðstoðarþjóðskjalavörður, fór yfir drög að starfsáætlun fyrir árið 2023. Í áætluninni eru talin upp þau verkefni sem lögð er áhersla á að vinna á árinu.



Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir, Svanhildur Bogadóttir, Guðmundur Jónsson, Gunnar Örn Hannesson, Anna Agnarsdóttir, Njörður Sigurðsson og Ágúst Sigurðsson.

3. Fjármál Þjóðskjalasafns.

Þuríður Árnadóttir, framkvæmdastjóri rekstrar, gerði grein ársreikningi ársins 2021, fjárhagsstöðu safnsins í árslok 2022 og framlög í fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2023 eins og þau eru nú.

Niðurstaða ársreiknings 2021 sýnir 54,6 m.kr. halla innan ársins. Tekjur voru 507 m.kr. en gjöld 562 m.kr. Skýringar á því eru mistök vegna bókunar afskrifta og hefur verið óskað eftir fjárframlagi á fjárukalögum vegna þess. Einnig hefur verið brugðist við stöðunni á yfirstandandi ári með niðurskurði og frestunum á ráðningum. Rekstraryfirlit október 2022 inniheldur rauntölur eins og staðan var 28. nóvember. Samkvæmt henni eru tekjur alls um 500 m.kr. en gjöld um 494 m.kr. og staðan því jákvæð um 5,8 m.kr. Gert er þó ráð fyrir meiri hagnaði eftir árið sbr. útkomuspá 2022. Skipting rekstrargjalda ársins er svipuð og undanfarin ár, laun eru um 65% af heildarkostnaði, húsnæði um 11% og aðkeypt þjónusta einnig um 11%. Þessir þrír liðir eru því alls um 88% af heildarútgjöldum. Rekstrarkostnaður er um 8% en rétt er að hafa í huga að inn í þeirri tölu er tilfærsla Þjóðskjalasafns vegna styrks til héraðsskjalasafna. Útkomuspá yfirstandandi árs, eins og hún er sett fram í rekstraráætlun 2023 sem hefur verið skilað til ráðuneytisins, gerir ráð fyrir að niðurstaða þessa árs verði jákvæð sem nemur um 26 m.kr. en eins og komið hefur fram er staðan í dag jákvæð um 5,8 m.kr. Fjárhæð vegna tilfærslna til héraðsskjalasafna hefur enn ekki verið millifærð til safnsins en þegar er búið að greiða héraðsskjalasöfnum fasta styrki ársins.

Fjárlagafrumvarp 2023 gerir ráð fyrir 514,2 m.kr. fjárveitingu til Þjóðskjalasafns að meðtöldum sértekjum um 117,6 m.kr. og tilfærslum um 30,2 m.kr. Útgjaldabreytingar frá fyrra ári eru þær helstar að aðhaldskrafa er uppá 12,6 m.kr. Hefur ráðuneytinu þegar verið gerð grein fyrir aðgerðum til að mæta þeirri kröfu. Rekstraráætlun 2023 gerir ráð fyrir tekjum og gjöldum í jafnvægi miðað við þær forsendur sem við höfum nú en fjárlög og fjárukalög hafa ekki verið samþykkt. Áætlun hefur þegar verið skilað en verði breytingar frá frumvarpinu verður hún tekin upp aftur.

Til máls tóku Þuríður Árnadóttir, Anna Agnarsdóttir, Svanhildur Bogadóttir, Hrefna Róbertsdóttir, Njörður Sigurðsson, Guðmundur Jónsson og Gunnar Örn Hannesson.

4. Innviðaverkefni.

Njörður Sigurðsson, aðstoðarþjóðskjalavörður, gerði grein fyrir stöðu á innviðaverkefni safnsins sem snýr að stafrænni umbreytingu. Í máli hans kom fram að 75 m.kr. fengust í fjárlögum ársins 2022 til að ráða starfsfólk vegna stafrænna umbreytinga. Skipuriti safnsins var breytt frá 1. mars sl. til að safnið gæti betur tekist á við umbreytingarferlið, og komið á fótum nýjum fageiningum til þess. Nýr fagstjóri í gagnaskilum og eftirliti, sem leiðir stafræna umbreytingu safnsins, var ráðinn í lok sumars. Unnið hefur verið að vali á nýju skráningarkerfi fyrir Þjóðskjalasafn og er



gert ráð fyrir að niðurstaða um hvaða kerfi verði fyrir valinu liggi fyrir á næstu vikum. Innleiðing og yfirfærsla á gögnum fer fram á árinu 2023. Þá hefur farið fram tilraunaverkefni í skönnun á manntalinu 1952. Magnskanni og teikningaskanni hafa verið keyptir og þegar byrjað að nota þá við skönnun. Gerður var samningur við fjármála- og efnahagsráðuneytið um fjárfestingframlag fyrir stafræna umbreytingu upp á 80 m.kr. Þá hefur verið óskað eftir frekari fjárveitingum í fjárlögum til að ráða fleiri sérfræðinga til að innleiða stafræna umbreytingu í Þjóðskjalasafni sem mun leiða til hagræðingar fyrir ríkið í heild í varðveislu og skilum á rafrænum gögnum.

Til máls tóku Njörður Sigurðsson, Ágúst Sigurðsson, Svanhildur Bogadóttir, Guðmundur Jónsson, Ágúst Sigurðsson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Anna Agnarsdóttir.

5. Starfið síðustu fjögur ár - lokafundur nefndarinnar

Anna Agnarsdóttir, formaður stjórnarnefndar, fór yfir störf nefndarinnar síðustu fjögur ár en ný stjórnarnefnd tekur við eftir áramótin. Í máli hennar kom fram að miklar breytingar hafa orðið á undanförunum árum á að Þjóðskjalasafn sé orðið meira áberandi útávið, s.s. með útgáfu prentefnis, ráðstefnum og viðburðum. Einnig nefndi hún stofnun Hollvinasamtaka Þjóðskjalasafns sem án efa eigi eftir að láta gott af sér leiða og að samstarfssamningur við Háskóla Íslands um viðbótardiplóma í skjalfraði. Þakkaði hún nefndarmönnum og starfsfólki Þjóðskjalasafns fyrir ánægjulegt samstarf.

Til máls tóku Anna Agnarsdóttir, Guðmundur Jónsson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Svanhildur Bogadóttir, Gunnar Örn Hannesson og Hrefna Róbertsdóttir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:47.